



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Ársskýrsla 2016

FRÁ FORSTJÓRA HSU



Áskorun ársins 2016 á HSU var fólgin í endurskipulagningu í rekstri samhliða geysimikilli aukningu verkefna. Á öðru ári eftir sameininguna var HSU enn að glíma við rekstrar- og skuldavanda eldri stofnana. Fjárframlög ársins voru að núvirði í byrjun árs um 8% undir því sem eldri stofnanir, sem nú tilheyra HSU, fengu samanlagt í fjárframlög fyrir hrun árið 2008. Á ársgrundvelli fjölgaði komum á bráðamóttöku um 16%, sjúkraflutningum um 11%, samskiptum í heilsugæslu um 7%, legudögum í sjúkrarýmum fjölgaði og biðtími eftir hjúkrunarrýmum og eftirspurn eftir heimahjúkrun óx. Sambærilegur vöxtur í eftirspurn eftir þjónustu HSU á sér vart hliðstæðu. Aldrei fyrr hefur HSU þurft að sinna jafn mörgum verkefnum og árið 2016. Það var því vandasamt verkefni, en algjörlega nauðsynlegt, að velta við hverjum steini í rekstri stofnunarinnar og taka alla starfsemi til endurskoðunar. Mikill þrýstingur var á kostnaðaraukningu á fyrri hluta ársins. Til að stemma stigu við því að í algjört óefni færi þurfi að leggja niður 20 störf við stofnunina um mitt árið 2016. Í árslok veitti Heilbrigðisráðherra 80 millj. kr. aukafjárveitingu til HSU upp í rekstrarhalla ársins 2016 og til tækjakaupa. Einnig

veitti Fjárlaganefnd Alþingis 150 millj. kr. á sjúkrasvið HSU í samræmi við fjárukalög 2016, vegna aukinna verkefna á stofnuninni. Nú 26 mánuðum eftir sameiningu heilbrigðisstofnanna á Suðurlandi er HSU með heilbrigðan efnahag, rekstrarreikning ársins í jafnvægi og með tekjuafgang gagnvart Ríkissjóði.

Til lengri tíma er það bæði slítandi og erfitt fyrir orðspor stofnunarinnar að stofna til vanskila við viðskiptamenn. Slæmar rekstrarhorfur valda líka alltaf óvissu meðal starfsmanna og það er slæm staða. Áfram munu vera blikur á lofti í rekstri HSU ef krafa verður um óbreytta grunnþjónustu sem ekki er fjármögnuð í samræmi við vaxandi álag. Það mun því vera viðvarandi verkefni að greina rekstrarlegar forsendur og gera Velferðarráðuneyti og öðrum hagsmunaaðilum viðvart að ekki sé hægt að halda áfram óbreyttum rekstri í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi með núverandi fjármögnun.


Árangur okkar á HSU er vissulega fólgin í því hæfa starfsfólki sem starfar á öllum sviðum stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að hafa sterka sameiginlega sýn á hvert við stefnum með kjarna-starfsemi í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Stjórnendur HSU settu í lok árs fram áherslur í stefnu okkar varðandi faglegar áherslur til framtíðar. Áfram verður unnið að nýjum verkefnum í tengslum við göngudeild, geðheilbrigðisþjónustu, heimahjúkrun og námsstöður fagfólks. Við stefnum að því að leggja áfram sértaka áherslu á fjarheilbrigðisþjónustu og uppbyggingu teymisvinnu í heilsugæslu til að auka þjónustuframboð fyrir íbúa Suðurlands. Lykillinn að árangri okkar er hæft starfsfólk og því vinnum við áfram að uppbyggingu starfsmannastefnu með áherslu á jafnrétti, þekkingu og færni meðal starfsmanna.

Nú er nauðsynlegt að geta byggt ofan á þann árangur sem hefur náðst og setja enn meiri orku í áframhaldandi faglega uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Leiðarljós okkar á HSU er að starfa saman sem ein heild að því að hlúa sem best að hagsmunum og þörfum þeirra sem til okkar leita. Við getum verið stolt af framlagi okkar til heilbrigðisþjónustunnar. Ég vil þakka samstarfsfólki, íbúum, velunurum og öðrum aðilum fyrir gjöfult samstarf sem hefur skilað sér í árangri okkar á HSU.

Herdís Gunnarsdóttir
Forstjóri HSU




FJÁRVEITINGAR 2016



Fjárveitingar alls: 4.100 millj. kr.

TÆKJAKAUP 2007-2016




Tækjakaup alls: 434 millj. kr.


Ár á Heilbrigðisstofnun Suðurlands*



Komur á BMT Selfossi



Samdægurstímar heilsugæslu



*Starfsemitölur HSU á Höfn í Hornafirði eru gefnar út af Sveitarfélaginu Hornafirði.



17.724
vitjanir í
heimahjúkrun



920
innlagnir á
sjúkrahæðir



1.349
skammtíma-
innlagnir bráðveikra



335
komur í
blóðskilun



7.059
komur á
göngudeildir




6.485
myndgreininga-
rannsóknir






16.915
komur á
rannsóknarstofu

Legudagafjöldi í sjúkrarýmum




Meðallegutími í sjúkrarýmum






Sjúkrarúmanýting



Fjöldi fæðinga



ÁRSUPPGJÖR í þúsundum króna

Rekstur	2016	2015	2014
Sértekjur	581.869	461.224	410.767
Laun og launatengd gjöld	(3.411.041)	(3.168.091)	(2.799.392)
Annar rekstur	(1.394.733)	(1.305.213)	(1.098.428)
Eignakaup	(122.957)	(26.562)	(38.227)
Fjármagnsliðir	(6.468)	(3.510)	(20.602)
Gjöld umfram tekjur	(4.353.330)	(4.042.152)	(3.545.882)
Ríkisframlag.....	4.389.700	3.991.100	3.529.606
Rekstrarniðurstaða	36.370	(51.052)	(16.276)
Efnahagur			
Veltufjármunir	211.896	197.802	165.355
Eignir alls	211.896	197.802	165.355
Höfuðstóll	36.266	(399.804)	(348.751)
Annað eigið fé	9.078	9.078	9.078
Skammtímaskuldir	166.552	588.528	505.028
Eigið fé og skuldir alls	211.896	197.802	165.355
Sjóðstreymi			
Handbært fé frá rekstri	(14.969)	(131.171)	25.400
Fjármögnunarhreyfingar	47.952	129.820	(28.472)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	32.983	(1.351)	(3.072)
Handbært fé í ársbyrjun	1.157	2.508	5.580
Handbært fé í lok ársins	34.140	1.157	2.508



31.000 km²
af 103.000 km² er
stærð umdæmis



7.000
sumarhús eru í
umdæminu



27.000
íbúar eru í
umdæminu



3.411 millj. kr.
voru greiddar
í laun á árinu




430
starfsmenn í
293 stöðugildum




73,6 millj. kr.
gjafir til
tækjakaupa

Samskipti á heilsugæslu



Sjúkraflutningar



STARFSEMI HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir 9 heilsugæslustöðvar á 10 starfsstöðvum, í Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfossi, Laugarási, Rangárþingi (Hellu og Hvolsvelli), Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Einnig eru starfrækt tvö sjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Á Höfn í Hornafirði eru einnig nokkur bráðarými. Að auki eru hjúkrunar-, dvalar- og hvíldarrými rekin á Selfossi, Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum. Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækni fyrir neyðartilfalli. Þá annast stofnunin alla sjúkraflutninga á svæðinu. Hjá stofnuninni starfa um 430 manns. HSU Höfn í Hornafirði er rekin af Sveitarfélagi Hornafjarðar samkvæmt samningi Velferðaráðuneytisins og Sjúkra-trygginga Íslands við Sveitarfélagið.

HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Á öllum heilsugæslustöðvunum er veitt grunnþjónusta með áherslu á forvarnir og fræðslu. Þar er móttaka sjúklinga, bráða- og slysaþjónusta, vaktþjónusta, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun mæðra- og ungbarnavernd, hjúkrunar- og sálfræðiþjónusta. Heilsugæslan veitir fjölbreytta þjónusta lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta, ásamt móttöku sérfræðinga.

LYFLÆKNINGA- OG SJÚKRADEILDIR

Á Selfossi er 18 rúma sólarhringsdeild þar sem veitt er almenn lyflækningaþjónusta og bráðaþjónusta í lyflækningum. Flestir sjúklingar sem leggjast inn koma eftir aðgerðir frá Landspítala og vegna bráðra veikinda frá bráðamóttöku HSU, hjúkrunarheimilum á Suðurlandi og Sólheimum í Grímsnesi. Um helm-ingur sjúklinga leggst inn á deildina vegna endurhæfingar eða legu í kjölfar skurðaðgerða frá bæklunardeild Landspítala, meðferðar vegna langvinna sjúkdóma eða líknandi meðferðar. Í Vestmannaeyjum er starfrækt 14 rúma sjúkradeild (legudeild) fyrir almenna sjúkrahúsþjónustu og skammverurými.

BRÁÐA- OG SLYSAMÓTTAKA SELFOSSI

Sólarhrings bráðamóttaka er á Selfossi sem sinnir afar víðfeðmu svæði, allt frá Hellisheiði að Höfn í Hornafirði. Starfsemi hefur vaxið gríðarlega og munar miklu um fjölgun erlendra ferðamanna til landsins en einnig þann fjölda fólks sem býr og dvelur í sumarhúsaþbyggðum í nágrenni við Selfoss og í upp-sveitum í Árnes- og Rangárvallasýslum. Á deildinni eru tvö skammverurými.

HJÚKRUNARDEILDIR

Á Selfossi eru 40 hjúkrunarrými og 2 hvíldarrými á einni hjúkrunardeild, Foss- og Ljósheimum. Í Vestmannaeyjum eru 7 hjúkrunarrými á sjúkradeild. Á báðum deildum er veitt meðferð til að efla og uppfylla andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Einnig er reynt færa tilbreytingu inn í daglegar athafnir, efla tómstundastarf og veita fræðslu.

SKURÐ- OG SPEGLUNARDEILDIR

Á Selfossi eru skurðaðgerðir gerðar einn dag í viku. Helstu aðgerðirnar eru: Háls-, nef-, og eyrnaaðgerðir og kvensjúkdómaaðgerðir. Á speglunardeild eru maga- og ristilspeglanir framkvæmdar 1- 2 daga í viku. Skurðstofa í Vestmannaeyjum er starfrækt að meðaltali eina viku í mánuði. Þar eru gerðar smærri skurðagerðir sem og maga- og ristilspeglanir.

LJÓSMÆÐRAVAKTIR

Á Selfossi er boðið upp á ljósmæðrastýrða fæðingarþjónustu. Ljósmæður HSU sinna einnig konum með meðgöngutengd vandamál sem þurfa stutta innlögn eða göngudeildarþjónustu. Allri mæðravernd á Selfossi og í Vestmannaeyjum er sinnt af ljósmæðravaktinni. Auk þess skipuleggja ljósmæður á Selfossi mæðravernd á heilsugæslustöðvum HSU utan Vestmannaeyja. Á Selfossi eru ljósmæður deildarinnar á bakvakt fyrir hjúkrunardeild HSU á næturvöktum. Í Vestmannaeyjum sinna ljósmæður ungbarnavítjunum og göngudeildarþjónustu.

GÖNGUDEILDIR LYFLÆKNINGA

Á Selfossi er rekin göngudeild lyflækninga og á sjúkradeildinni í Vestmannaeyjum er rekin göngudeild tvisvar í viku fyrir sérhæfðar lyfjagjafir. Á göngudeild koma sjúklingar í blóðskilun, blóð- eða lyfjagjöf og vegna sjúkdóma eins og melt-ingarfæra-, húð-, tauga-, gígta- og blóðsjúkdóma og krabbameina. Göngudeildir hjartasjúkdóma eru á Selfossi og í Vestmannaeyjum þar sem gerð eru álagspróf og sólarhringsmælingar á hjartslætti og blóðþrýstingi.

SJÚKRAFLUTNINGAR

Aðalstarfsstöð sjúkraflutninga HSU er á Selfossi, en alls eru starfsstöðvarnar 6 talsins og sinna saman víðfeðmasta svæði landsins sem eitt lið sinnir, allt frá Hellisheiði austur að Lónsheiði. Undir þá falla einnig fjölfarin svæði og má þar nefna Þingvelli, Hellisheiði, Þrengslin og Mosfellsheiði og að auki nær þjónustusvæði þeirra uppá miðja jökla, uppsveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum og austur í Örfæfasveit og Lón.

AÐRAR DEILDIR


Sjúkra- og iðþjúpjálfarar og hreyfistjóri eru starfandi við HSU. Rannsóknastofur og myndgreiningadeildir eru á Selfossi og í Vestmannaeyjum og sinna öllum deildum HSU ásamt dvalarheimilum og heilsustofnunum á svæðinu. Skrifstofa og yfir-stjórn HSU hefur aðsetur bæði á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á skrifstofunni starfar m.a. framkvæmdastjórn HSU. Læknarit-arar vinna á Selfossi og í Vestmannaeyjum og móttökuritarar starfa á öllum stöðvum. Eldhús eru starfrækt á Selfossi og í Vestmannaeyjum, tæknideild er á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Þvottahús er rekið á Selfossi og fjöldi starfsmanna starfa við ræstingar á öllum deildum og stöðvum HSU.



Að jafnaði störfuðu um 430 starfsmenn hjá HSU árið 2016 og skiptust í eftirtalin stöðugildi:

- 64 stöðugildi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra
- 56 stöðugildi sjúkraliða
- 29 stöðugildi lækna og sérfræðinga
- 26 stöðugildi við ræstingu og þvotta
- 25 stöðugildi móttöku- og læknaritara
- 23 stöðugildi við aðhlyningu
- 22 stöðugildi sjúkraflutningamanna
- 15 stöðugildi við innkaup, stjórnunar- og skrifstofustörf
- 13 stöðugildi við eldhússtörf
- 12 stöðugildi við myndgreiningu og rannsókn
- 3 stöðugildi við endurhæfingu
- 3 stöðugildi við umsjón fasteigna
- 2 stöðugildi sálfræðinga

SKIPURIT



GILDI HSU



FAGMENNSKA

- Við búum yfir faglegri hæfni og umgöngumst notendur þjónustunnar af virðingu og nærgætni.
- Við erum opin fyrir þróun og nýbreytni í starfseminni og endurmetum vinnubrögð okkar í þeim tilgangi að bæta árangur.
- Við vinnum eftir skýrum verkefnum og virku gæðakerfi.



VIRÐING

- Við sýnum notendum og samstarfsfólki virðingu.
- Við hlustum og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða við úrlausn mála og samskipti okkar byggja á trausti til hvers annars.
- Við kappkostum að veita þjónustu á grundvelli jafnræðis og vinnum saman að lausn verkefna með velferð notenda þjónustunnar að leiðarljósi.



SAMVINNA

- Við veitum góðri frammistöðu athygli og hvetjum hvert annað.
- Við deilum þekkingu og erum tilbúin að leita eftir handleiðslu hvert hjá öðru.
- Við vinnum saman sem ein heild við að sinna hagsmunum og þörfum þeirra sem til okkar leita.
- Við ástundum samvinnu við hagsmunaaðila.